



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 -
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn í Þórunnartúni 6, Rvk. 9. mars 2020 kl. 16:30.

(Fundur nr. 8 frá Kópavogi)

Mætt: Valgerður Auðunsdóttir, Laufey Hannesdóttir, Jens B. Baldursson, Jónatan Garðarsson, Puriður Yngvadóttir, Brynjólfur Jónsson, Páll Ingbór Kristinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson (sem ritaði fundargerð).

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Ársreikningur 2019 drög

Henry Örn Magnússon endurskoðandi skýrði reikninga félagsins og svaraði fyrirspurnum.

Rekstrartekjur lækka milli ára úr 44,9 í 40,6 m kr. Rekstrargjöld lækka milli ára, úr 42,4 í 36,3 m kr. Rekstrarniðurstaðan að með teknum fjármagnsgjöldum er jákvæð um 2,6 m kr. í árslok.

Framlög úr bundnum sjóðum hækka töluvert milli ára.

Útgáfustarfsemi er nokkuð jöfn á milli ára. Úlfljótsvatn: tekjur hækka vegna Kolviðar; keypt dráttarvél. Tap á „Opnum skógi“ vegna þess að Ícelandair hætti að styrkja og enginn kom í staðinn. Samdráttur í sölu (jólatrijaa) í Brynjudal, úr 4,4 í 2,3 m kr.

Vinaskógur: Engir styrkir, en smávægilegur kostnaður. Mikil aukning í sjálfbóðaliðum milli ára. Rótarskot: tekjur um áramót 2019-20 tekjufærðar 3,4 m kr. Sérgreind verkefni lækka um 1 m kr. milli ára (úr 3,4 í 2,4 m kr.).

Laun lækka milli ára úr 29,2 í 26,2 m kr. Hluttur þeirra launa sem færð eru á sérgreind verkefni eykst milli ára.

Samþykkt að Kolviður verði sérgreindur liður í ársreikningi 2020.

Heildareignir við árslok lækka milli ára um 5 m kr. (úr 227 m.kr. í 222 m kr.) – sama staða fyrir „eigið fé og skuldir samtals“.
Handbært fé í árslok hækkar milli ára úr 212 þús. í 5,6 m kr.
7,11% raunávöxtun í sjóðum félagsins á árinu.
Ársreikningur samþykktur af stjórn félagsins, með fyrirvara um samþykkt skoðunarmanns reikninga.

3. Undirbúningur vegna 90 ára afmælis Skógræktarfélags Íslands

Hjördís Jónsdóttir, formaður ungliðahreyfingar skógræktarfélagsins („Ungviði“), mætti og kynnti áform um vikulanga dagskrá í tengslum við afmælisráðstefnuna þann 26-27. júní. Í undirbúningsnefndinni eru nemar í skógfræði við LbhÍ ásamt nenum í vöruhönnun við Listaháskólann. Stjórnarmenn geta komið upplýsingum og ábendingum til Hjördísar (netfang: hjordisjd@gmail.com). Hópurinn fundar vikulega og áhugi mikill og margir sem vilja leggja þessu málefni lið. Nefndin mun koma að máli við stjórn SÍ þegar dagskráin tekur á sig fyllri mynd. Stjórnarmenn listu yfir ánægju með störf ungliða.

Þá fjallaði Björn Traustason, form Sk. Mosfellsbæjar um framvindu og undirbúning Aðalfundar Sk. Íslands. Búið er að hnýta flesta þræði m.a. fyrirlesara á laugardeginum og margt fl. Undirbúningur sem sagt í góðum farvegi. Samþykkt að Sk. Íslands sendi boðsbréf á forseta Íslands og bjóði honum að sitja fundinn og ávarpa eftir því sem hentar. Einnig rætt um að ákveða hvaða heiðursfélagar SÍ. verði tilnefndir á næsta stjórnarfund.

4. Fulltrúafundur

Ákveðið var að fresta ákvörðun um að efna til Fulltrúafundar aðildarfélaganna í ljósi aðstæðna.

5. Nýtt skógræktarfélag

Erindi barst frá áhugahóp í Álftafirði sem óska eftir að gerast aðildarfélag SÍ. Með erindinu fylgdu lög félagsins sem heitir Skógræktarfélag Álftafjarðar, auk upplýsinga um stjórn félagsins. Samþykkt samhljóða og félagið boðið velkomið í samtökin. Óskað er eftir félagaskrá og netföngum félaga.

6. *Fagraðstefna*

Vegna COVID-19 og yfirvofandi banns við mannámótum, hefur verið ákveðið að fresta fagraðstefnunni fram í október á þessu ári.

7. *Önnur mál*

Jón Ásgeir mætti á fundinn og talaði fyrir ósk Elísabetar Bernard um starfsnám um allt að 6 mánaða tímabil á þessu ári, samanber bréf frá henni 23. nóv. 2019. Sjá meðfylgjandi gögn um menntun, störf og reynslu. Stjórnin samþykkti veru hennar og væntir þess að starfnámið gagnist skógræktarstarfi á Íslandi.

Tilkynning frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til félagsins vegna umsagnar á þingsályktun um þjóðaráttak í landgræðslu, 365. mál. Stjórnarmenn höfðu ekki haft tíma til að kynna sér ályktunina og því beðnir um að koma með athugasemdir fyrir tilskilinn umsagagnarfrest sem er 19. mars nk.